

**Nd.**

**308. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

Frá Emil Jónssyni, Pálma Hannessyni og Eiríki Einarssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verður 2. gr., svo hljóðandi:

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, er nema að nafnverði allt að tvöföldum þeim höfuðstól, sem hann hefur á hverjum tíma. Bréf þessi skulu tryggð með höfuðstól sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.